

UMF STJARNAN

Tryggingamál iðkenda

Iðkendur UMF Stjörnunnar eru ekki tryggðir á vegum félagsins við æfingar eða keppni. Forráðamenn er hvattir til að skoða þær heimilstryggingar sem eru í boði þar sem íþróttastarf barna er tryggt í mörgum af þeim tryggingum, upp að 16 ára aldri iðkenda. Forráðamenn iðkenda á 16. aldursári og eldri eru hvattir til að skoða sínar heimilstryggingar sérstaklega vel og mögulega athuga með kaup á auknum slystryggingum fyrir sín börn.

Í einhverjum tilfellum meðal iðkenda meistaraflokka félagsins eiga iðkendur/leikmenn rétt til bóta frá Tryggingastofnun ríkisins sbr. reglugerð Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins frá 2002 (www.tr.is). Á þetta einna helst við um samningsbunda iðkendur/leikmenn þar sem getið er til um að Stjarnan greiði að hluta til sjúkrakostnað iðkanda/leikmanns. Iðkendur eða forráðamenn þeirra bera sjálfir ábyrgð á að afla tilskilinna gagna. Nauðsynleg eyðublöð fyrir tilkynningu er hægt að nálgast hjá Tryggingastofnun Ríkisins. Aðstoð við útfyllingu og frágang skjala er hægt að fá á skrifstofu Stjörnunnar.